



Varanlegt hrím í gíg á norðursléttunum

ESP_037551_2540



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Á Mars er yfirborðsís að mestu leyti aðeins tímabundið fyrirbæri. Setlögin á báðum pólsvæðunum eru þykkir bunkar af varanlegum vatnsís og einnig gæti suðurpólhettan haft varanlegt (en engu að síður breytilegt) lag af koldíoxíðís. Á lægri breiddargráðum er hins vegar árstíðabundið hrím (að mestu CO₂ en líka örlítill vatnsís) sem birtist og hverfur ár hvert.